

Til bærstjórnar

Efni: Svar við spurningum varðandi samning um lóð fyrir veitingastað.

Á fundi bærstjórnar Garðabæjar sem haldinn var 16. júní 2016 samþykkti bærstjórn að ganga til samninga við óstofnað hlutafélag „Arnarvog“ um úthlutun lóðar fyrir veitingastað. Fyrirvari var gerður um að við undirskrift samnings hafi félagið formlega verið stofnað og stofnefnahagsreikningur staðfestur af löggiltum endurskoðenda.

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar sem haldinn var 8. nóvember 2016 vor lögð fram og kynnt drög að úthlutunarsamningi. Úthlutunarsamningur var síðan undirritaður 11. nóvember 2016.

Við undirritun samningsins lá fyrir staðfesting frá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra um móttöku á tilkynningu um stofnun einkahlutafélagsins Arnarvogur ehf. Á grundvelli þeirrar tilkynningar var stofnað einkahlutafélagið Arnarnesvogur ehf., kt. 651116-1120.

Jafnframt var lagður fram við undirritun samnings stofnefnahagsreikningur félagsins þar sem fram kemur að eigið fé félagsins er kr. 30.000.000. Með ársreikningnum fylgdi svohljóðandi yfirlýsing frá endurskoðanda félagsins:

„Undirritaður staðfestir hér með til samræmis við fyrirliggjandi gögn að félagið Arnarvogur ehf. og eigendur þess hafa fjárhagslega burði til að fjármagna framkvæmd við byggingu mannvirkis sem áætlað er að kosti 235.000.000 kr.“

Arnarnesvogur ehf. greiddi síðan gatnagerðar- og byggingarréttargjöld að fjárhæð kr. 19.794.866.

Augljóst má vera að samningur um úthlutun lóðarinnar er gerður við þann aðila sem samþykktur var sem úthlutunarhafi á fundi bærstjórnar 16. júní 2016. Ástæða þess að heiti félagsins var breytt í Arnarnesvog ehf. er að fyrir í fyrirtækjaskrá var félag með heitinu Arnarvogur ehf.

Hvað varðar eignarhald á félaginu að þá getur það eðlilega tekið breytingum sem ekki eru tilkynningaskyldar til Garðabæjar.

Mikilvægast er að við gerð samnings um úthlutun lóðar voru fyrir hendi þau skilyrði sem bærstjórn setti um stofnum félags og framlagningu stofnefnahagsreiknings með yfirlýsingu um fjárhagslega burði eigenda.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá er Sigurbjörn Ingimundarson, framkvæmdastjóri félagsins.